

# sólstafir



Berdreyminn



Silfur Refur

Ísafold

Hula

Nárós

Hvít Sæng

Dýrafjörður

Ambátt

Bláfjall

Bonus Songs:

Svart Blóð

Samband í Berlín.

Berdreyminn: Precognition
a dreamer of forthcoming events

Silfur Refur: Silver fox: Vulpes Vulpes
missing its true colors

Ísafold: Land of ice – soil covered in ice

Hula: Haze – something hidden or concealed.

Nárós: Necrose; Postmortem Rose

Hvít Sæng: Blanket of snow
in memory of Flateyri and Súðavík avalanches 1995 R.I.P.

Dýrafjörður: In the Westfjords in Iceland lies Dýrafjörður
some things are bound to happen with no turning back.

Ambátt: Female slave – Bondswoman

Bláfjall: Blue Mountain

## Silfur Refur

Röddin hún hvíslar, púkinn fer á stjá
í húmmu læðist lævís er hann sá.
Andanum ógnar, ég aldrei átti von.
Þreytist hann aldrei, heimski einskis son?

Hann stappar í gólfið. Þrammar fram á nótt
Aldrei hann sefur aldrei er honum rótt.
Heltekinn hugurinn ég átti aldrei von
Vakandi óværan feðraði þennan son

Brennur í skinni, að heiftinni linni nú
Hálsinn í snöru, ég óttast ei lengur trú.
Heltekinn hugurinn ég átti aldrei von
Vakandi óværan feðraði þennan son

## Ísafold

Inn að beini nú nístir kuldi þinn á ný.
Í sorginni er gimsteinn hlýjunnar á við blý
Marga dýrðardaga og nætur
dvelur þú í höfði mér.

Í grimmu húmi nætur
dansar hún er engin sér
Ísafold nú blæðir hér
á rotnu holdi gæðir sér

Jafnvel þó sálin risi
úr svefnsins væru laug
Með funa blóðs að vopni
sæla út um hverja taug

Var vonin veik og sjálfið dýrkað
sem hin helgu vé.
Ég heyri ekki lengur storminn geisa,
komdu inn.

## Hula

Þá herrann heldur dóm
Hjálpar engum hræsnin tóm
Allt mitt líf skal ég þóknast þér
Þar til, bið ég, hjálpaðu mér.
Andrast ei álög mín

Miskunn mun ég hljóta, andans náð
Fýsn holdsins gamnar sér
Skrúða alls hins ljóta nú ég ber

Í gnistri tanna ég grátbið nú
Bikar heiftar drýpur af

## Náros

Eg stari á gráan steininn þinn.
Þitt kalda hjarta, þögnin var svo þung.
Bitur renna reiðitár á ný.
Þú varst eldurinn i brjósti mér.
Svo frysti og frostið beit.
Endir vonar, upphaf sársaukans.

Öll þín ljotu orð bergmála
bergmála í huga mér,
hver stund er hjartamorð þér, já morð.
Undarleg var þín ást, hlýja,
þú horfðir á mig þjást.
Ó nú bið ég um einhvern fjandans grið.

Ég strái salti i gömul sár
Bitur renna reiðitár.
Hvert tár er á við einn dag.
Eitruð var þín tryggð og tunga.
Bitur renna reiðitár.
Þitt hjarta kalt, þögnin var svo þung.



## Hvít Sæng

Milli hafs og fjalls er þorpið:
hvít sæng hylur Súðavík
Forynja, um himinhvolfið reið
Norðanbálið öskraði
Kaldir hnefar blindir börðu,
Milli steins og sleggju, heims og helju.
Það brakaði og brast, veröldin skalf.
Sálir vöktu meðan aðrar sváfu

Ískalt víti-norðanbál
Sjórinn fjötraður
Ó, móðir, hvers vegna?
Þorpið svöðusár. Dauði, öskur, tár.
Hvít sæng hylur Súðavík
Kistir, frosin tár

Hvít sæng hylur Flateyri
Dauði, öskur, tár. Þorpið svöðusár
Ég vaknaði í víti
hann kallaði, er einhver hér á lífi?
Kallaði, ég kallaði á bróður
Kallaði, ég kallaði á móður

## Dýrafjörður

Nú vindar blása sem aldrei blésu fyrr.
Nú fall öll vötn til Dýrafjarðar.
Ríðum, ríðum, ríðum yfir heiðina höldum.
Deyr fé og deyja frændur

Fátt veit sá sem sefur. Fold flóði tekur við.
Fennir í flest að vetrar sið.
Ei er nauðin fögur, né frelsið hel.
Sáttin sár, hneit þar vel.

Ég vakna á ný í algleymínu
hugarróin var löngu seld
Með dagsbirtu er von
dagur gengur í garð
Fokið er í flest öll gríð

## Ambátt

Augun hylja upp sögu þá,
brosandi þjáningu segir frá,
bundin, kefluð, ótti, mar,
Barnið sefur vonandi.
Svefninn orðinn sársauki, sjúkur dagurinn er

"Þessa nótt ég streittist við
umfram mannleg mörk"
Barnið sefur vonandi
Ekki rugga bátnum, brátt kemur logn
högg sem alda, sjaldan stök,
hertu upp hugann
Skjólið dýru verði keypt, þú ert ambátt

"Heyrir barnið þessi hljóð, -
sofna ég við storknað blóð?"
Reipið brenndi úlnliðinn,
neglur ristu holdið gegn.
Svartnættis óskaði heitt
Mig dauða þú færð ekki meitt

## Bláfjall

Sá aldrei feigðina í augum þér
Sá aldrei dauðann, hann speglast í mér
hann rígheldur í mig og sleppir mér ekki,
hann tórir...
Ég sá hann aldrei fæðast í þér
sá hann aldrei læðast að mér,

hann læðist að mér sem lyktarlaust gas
hann læðist...
æ, síðan er ég hræddur
æ, síðan er ég flón..
æ, síðan er ég kvalinn
Lotningin fékk dóm

æ, síðan ég varð maður
æ, síðan óx mér þor
hef stigið inn í óttann
hef þegið dauðans boð.

Fann aldrei veikina í þér,
fann ekki andans hörgul hjá þér.
Vitstola er, á mölinni ek út í tómið.

Sá aldrei dauðann í augum þér,
sá aldrei feigðina fæðast í mér,.
hún fegrast í mér, hún hæðist að mér
ó, svo Lævis.

Mig dreymdi svo oft úr rústum ég reis
Í fjörðinn ég hélt á ný.
Við fjallanna rót, og við jökulsins bót
Og vakna í hinsta sinn.

Recorded in Sundlaugin, Álafoss, Iceland.
november / december 2016
produced by:
Birgir Jón Birgisson,
Jaime Gomez Arellano,
with Aðalbjörn Tryggvason

mixed at Orgone studios,
Woburn, England by:
Jaime Gomez Arellano

Mastered at Sterling Sound.
by Ted Jensen

Music and lyrics by
Sólstafir

Piano and Keyboards by
Halldór Á. Björnsson

Strings by Amiina

Sopran vocals on Hula by
Margrét Einarsdóttir

Brass by:
Snorri Sigurðarson: trompet, flugelhorn
Ingi Garðar Erlendsson: básúna, tuba
Erna Ómarsdóttir: franskt horn

Bonus Songs:
Svart Blóð
Samband í Berlín
(music and lyrics: Utangarðsmenn)

mixed and mastered by:
Birgir Jón Birgisson

Album artwork by Adam Burke

Photography by
Steinunn Lilja Draumland

Layout by hippografix
Handwriting by Jo Geirdal

Raven by Jo Geirdal

Thanks;

Erin Lynch, Rachel Corvo, Jo Geirdal
Biggi Bono, Gomez 6.lo, Stefán Máni,
Karl Óttar, Helga Dóra, Maggi Zombie,
Birgir Jónsson, Silli Geirdal, Bergur Geirsson
Mat Mcnerney, Liam Fitzgerald of Frequency design
Haydn Britland, Gunnar Örn Custom guitars,

all at S.O.M.

Sólstafir uses
Gunnar Örn guitars
and Orange amplification

Management: Erin Lynch

www.aflyingfox.com

Sólstafir:

Sæþór M. Sæþórsson

Svavar Austmann Traustason

Hallgrímur J. Hallgrímsson

Aðalbjörn Tryggvason

Sólstafir.net



© 2017 Season of Mist
℗ 2017 Sólstafir